

Fljótsdalur 18.10 2018

**Fundur í stjórn Verkefna-og rannsóknarsjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans.
Haldinn í Végarði, Fljótsdal, kl. 13:30.**

Mættir: Gunnþórunn, Anna Jóna og Ágúst.

1. Ársyfirlit 2017

Gunnþórunn fór yfir ársuppgjör fyrra árs. Lágur auglýsingarkostnaður, sem skýrist sennilega með því að Fljótsdalshreppur hafi greitt reikning sem tilheyrir sjóðnum. Ógreiddir styrkir frá 2017 og fyrr eru 625.000,- búið er að greiða hluta út nú þegar.

2. Umsóknir um styrki 2018

Tvær umsóknir hafa borist.

- a) Óbyggðasetur Íslands v/lifandi miðlun á sagnabrunni óbyggðanna og jaðarbyggða þeirra. Umræður um málið og niðurstaða að umsókn samræmist ekki reglum sjóðsins þar sem um er að ræða lögaðila sem sækir um. Umsókn synjað á þeirri forsendu.
- b) Berglind Andrésdóttir – er að vinna að mastersritgerð í heilsugæsluhjúkrun. Verkefnið er unnið upp úr upplýsingum frá HSA Egilsstöðum. Umræður um málið og samþykkt að veita verkefninu verkefnastyrk upp á 100.000,- kr.

Formaður setur sig í samband við umsækjendur og tilkynnir niðurstöður.

3. Endurskoðun samstarfssamnings og drög.

Kynnt drög að nýjum samstarfssamningi. Fundarmenn ákveða að skoða þau frekar og stefna á að vera með endanlegan samning á næsta fundi stjórnar.

4. Önnur mál

Fyrir liggur mastersverkefni Hrafnkötlu Eiríksdóttur við Kaupmannahafnarháskóla. Ritgerðin fjallar um lungnaorma í íslensku sauðfé og fékk hæstu einkunn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30

Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Anna Jóna Árnarsdóttir
Ágúst Arnórsson